





mynd 9 : hásetinn




mynd 8 : aflatjón




mynd 10&11 : harmar hlutinn sinn




mynd 7 : æðrast skipstjórinn



mynd 6 : kaldur bátur



mynd 4&5 : marar báran blá



mynd 3 : kári í jötunmóð



mynd 2 : frýs í æðum blóð



mynd 1 : frost á fróni

Kennslustund 4

Aldurshópur: Elstu börn leikskólans.

Áætlaður tími: 15-25 mínútur.

Söngtexti: Þorraþrællinn 1866 eftir Kristján Jónsson.

Markmið: Markviss orðaforðakennsla lykilorða með beinni kennslu.

Hjálpargögn: Meðfylgjandi eru myndir sem notaðar eru við stundina.

Í kennslustundinni er megináhersla á beina kennslu lykilorða. Textinn er flókinn og því er áhersla á að að leysa ráðgátuna um þýðingu orðanna. Lykilorðin eru mörg og snýst kennslustundin um að varpa ljósi á þýðingu sem flestra orða og festa þau í langtímaminni barnanna. Það er áhrifaríkt að setja flókin orð fram á sjónrænan hátt til þess að auka líkurnar á að börnin muni þau.

Orðskýringar

Frón : Ísland eða land, jörð

Kveður kuldaljóð, Kári í jötunmóð : Það heyrir söngur í vindinum (Kára)
því hann er að syngja kuldasöng.

Jötunmóð: Kári er komin í líki risa, hann er svo stór.

Laxalón: uppistöðulón þar sem lax gengur niður til.

Klakapil: þunn ábreiða af klaka yfir sjónum

Hríðarbyl: mikil snjókomma og vindur

Mararbáran: stór alda

Unnarsteinum: öldutoppar, sem eru eins og steinar

Ylggd og grett á brá: reiður og grettinn á svipinn

Aflatjón: það veiðist enginn fiskur og þá líta skipverjarnir svo á að þeir hafi orðið fyrir skaða.

Æðrast: að missa kjarkinn. Verða hræddur

Harmar: vera sorgmæddur, leiður

Hásetinn: skipverji, sá sem vinnur á skipinu

Fyrsta skref: Kennari setur upp sögusviðið.

Kennari þarf að skapa kalt andrúmsloft sem kemur fram í söguþræði textans með myndum, orðum og leikrænni tjáningu. Hann byrjar því á að setja upp mynd 4.1. Hann fer í gegnum söguþráðinn en þarf að staldra við orðin sem þarfnast frekari útskýringa og jafnframt að hlusta á hugmyndir barnanna og gefa þeim góðan tíma til þess að tjá sig.

Hér fyrir neðan verður farið yfir söguþráð lagsins og settar fram hugmyndir af því hvernig hægt er að útskýra textann. Laginu er skipt er þrjá hluta þar sem fyrsti hlutinn eru fyrstu fjórar línur lagsins, en þær fjalla um kulda. Í öðrum hluta eru aðstæður á sjó kynntar og í þriðja hluta lagsins er fjallað um skipverjana. Orð sem auðvelt er að útskýra með beinni kennslu eru í hornklofa.

Annað skref: fyrsti hluti lagsins útskýrður.

Það er vetur á Fróni [útskýra orðið frón]. Það getur orðið mjög kalt á veturna á Íslandi eða

Fróni en þá þarf að klæða sig í hlý föt eða kannski í margar flíkur. [Kennari sýnir börnunum mynd 4:2]. Stundum er svo kalt að það skiptir ekki máli hvað fötin eru hlý, manni er samt kalt. Það er hægt að verða svo kalt að manni finnst blóðið í æðunum vera frosið [útskýra frýs í æðum blóð]. [Kennari sýnir börnunum mynd 4:3]. Þegar það er kalt úti niðar vindurinn. Ef lagt er við hlustir er hægt að heyra í Kára, sem er vindurinn, og hann syngur kuldaljóð. Kári er orðinn svo stór að hann líkist tröllo. Það er ekki hægt að sjá út um gluggann, nema vindinn sem feykir snjónum. [útskýra orðin kveður kuldaljóð og Kári í jötunmóð]

Þriðja skref: annar hluti lagsins útskýrður.

Kennari byrjar á því að setja upp myndir 4:4, 4:5 og 4:6. Hann útskýrir svo að það sé líka vont veður út á sjó. Yfir sjónum er þunnt lag af klaka [útskýra orðið klakabil og laxalón].

Það verður að passa sig að ganga ekki út á sjó, því þá væri hægt að falla í nýstings kaldann sjóinn. Sjómennirnir eru að veiða fisk en úti er hríðarbylur [útskýra orðið hríðarbylur]. Þeir heyra skrítin hljóð þegar vindurinn hvín í Hamragili sem er stórt gil [útskýra hvað gil er]. Það er eins og Hamragil sé að hlæja. Hvernig ætli hláturinn hljómi?

Fjórða skref: þriðji hluti lagsins útskýrður.

Sjómennirnir standa úti á dekki og sjá hvar mararbáran brotnar þung og há [útskýra orðið

mararbára]. Hún fellur á unnarsteinum og er yggld og grett á brá [útskýra orðin unnarsteinum, yggld og grett á brá]. [Kennari sýnir börnunum mynd 4:7]. En skipstjórinn er hræddur. [Kennari sýnir börnunum mynd 4:8]. Hann segir börnunum að vanalega eru netin full af fiski en núna séu einungis 2 fiskar í netinu. Skipstjórinn æðrast því yfir aflatjóninu sem hann hefur orðið fyrir [útskýra orðið aflatjón og æðrast]. [Kennari sýnir börnunum mynd 4:9, 4:10 og 4:11]. Hásetinn [útskýra orðið hásetinn] harmar hlutinn sinn. [útskýra hvað þýðir að harma hlutinn sinn]. Þegar það kemur enginn fiskur þá fær hann enga peninga og því er hásetinn leiður.

Í kennslustundinni er áhersla á þýðingu lykilorða. Það er mikilvægt að gefa góðan tíma í að útskýra orðin og að hlusta á hugmyndir barnanna og fá þannig góðar samræður um orðin og ljóðið í heild sinni.